

Ed.

282. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenskt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00—12.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldaldur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan kirkjumálaráðherra, en nefndin og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur. — Frumvarpinu fylgdu svofelldar athugasemdir:

Samkvæmt 1. gr. laga um sóknargjöld, nr. 36 1948, eru sóknargjöld nú kr. 3.00—6.00 á mann á ári eftir ákvörðun safnaðarfundar. Síðan lög þessi voru sett, hafa t. d. útgjöld dómkirkjunnar í Reykjavík aukizt það mikið, að á árinu 1950 varð kr. 5507.61 rekstrarhalli á reikningi hennar, árið 1951 kr. 29201.17 og árið 1952 kr. 14834.79, eða samtals þessi þrjú ár kr. 49543.57. Um síðustu áramót var handbært fé dómkirkjunnar kr. 34263.06, og verður það fljótlega gengið til þurrðar, ef svona heldur áfram. Héraðsfundur í Reykjavíkúrprófastsdæmi hefur því samþykkt að skora á Alþingi að hækka sóknargjöld úr 3—6 kr. í 6—12 kr. á mann á ári. Ekki þykir þó nauðsynlegt að hækka lágmarkið, kr. 3.00, en frumvarpið gerir ráð fyrir hækkun á hámarkinu upp í 12 krónur, þannig að sóknargjöldin verði frá kr. 3.00 til kr. 12.00 á mann á ári eftir ákvörðun safnaðarfundar. Það athugasast, að gjöld þessi eru grunngjöld fyrir gengisskráningarlögin, nr. 22 1950, og margfaldast því með 3, og bætist síðan við núgildandi vísitala. Ætti sú hækkun að gera sóknarnefndum kleift að annast sómasamlega og hallalaust rekstur kirknanna.

Fylgiskjal.

DÓMPRÓFASTURINN Í REYKJAVÍK

Greinargerð með áskorun Héraðsfundar Reykjavíkúrprófastsdæmis til Alþingis um hækkun sóknargjaldanna.

Með lögum nr. 40 30. júlí 1909 var sóknargjald ákveðið kr. 1.25, sem þá var talið um það bil dagkaup verkamanns. Þetta sóknargjald var miðað við það, að þá var naumast um önnur útgjöld kirknanna að ræða en viðhald kirkjuhúsanna. Þó nægðu þessi gjöld óvíða fyrir útgjöldum safnaðanna, svo að víða var fljótlega farið að innheimta auk þeirra svokallað sönggjald, sem víða var kr. 2.25.

Með lögum nr. 36 1. apríl 1938 var síðast gerð sú breyting á sóknargjöldum, að þau voru ákveðin kr. 3.00 að lágmarki og kr. 6.00 að hámarki. Þó var löggjafanum þá ljóst, að engan veginn mundu þessi sóknargjöld nægja fyrir rekstri safnaðanna, sem farið var að gera sífellt meiri og meiri kröfur til með breyttum að-

stæðum, svo sem um hljómlist í kirkjunum, barna- og unglíngastarf, hitun, lýsing og búnað kirkjuhúsanna. Þess vegna er í lögnum frá 1948 heimild til safnaðanna að jafna niður eftir þörfum á útsvör sóknarmanna.

Þessa lagaheimild er af ýmsum ástæðum mjög erfitt að nota sér í fjölmennum prestaköllum, svo sem í Reykjavík og víðar, þar sem starfa ýmsir söfnuðir utan þjóðkirkjunnar og allstór hópur fólks er utan allra trúfélaga. Hins vegar nægja hin lögmæltu sóknargjöld engan veginn í ýmsum söfnuðum til að reka safnaðarstarfið með fullkomnum myndarskap og menningarblæ. T. d. hefur dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík, fjölmennasti söfnuður landsins, um árabíl verið rekinn með allmiklum greiðsluhalla, sem nam á síðasta ári um 14 þús. kr., og engin leið er til að annast viðhald kirkjunnar, svo að sæmilegt megí kalla. Sama saga er sögð úr fjölmörgum prestaköllum landsins.

Þessi fjárhagsvandræði safnaðanna voru til umræðu á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis 17. nóv. síðastl., og var þar samþykkt með öllum atkvæðum þessi áskorun til Alþingis:

„Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis, haldinn 17. nóv. 1953, telur brýna nauðsyn bera til þess, að hið lögmælt sóknargjald (kirkjugjald), sbr. lög nr. 36 1. apríl 1948, verði hækkað upp í kr. 6.00 að lágmarki og kr. 12.00 að hámarki, og leyfir sér að skora á Alþingi að koma þessu í framkvæmd, þar sem það einnig virðist fyllilega sanngjarnt eftir breyttum ástæðum.“

Samþykkt þessi hefur hlotið meðmæli biskupsins yfir Íslandi.

Vér treystum því, að hið háa Alþingi sjái, að hér er af fullri sanngirni óskað breytinga. Samkvæmt lagaheimildinni frá 1948 um niðurjöfnun á útsvör sóknarmanna, hafa söfnuðirnir leyfi til að taka það fé, sem hér er farið fram á, og miklu meira fé, en vegna þeirra erfiðleika á að fara þessa leið, sem áður getur, óskum vér þess eindregið, að heimilað verði að hækka sóknargjöldin, sem áður segir. Það hlýtur að teljast eindregið menningaratriði fyrir þjóðina, að söfnuðunum sé gert kleift að reka safnaðarstarfsemina af fullkomnum myndarskap. En það verður ekki gert með núverandi sóknargjöldum, sem þó væru engum tilfinnanleg með þeirri hækkun, sem hér er farið fram á.

Reykjavík, 23. nóv. 1953.

Jón Auðuns,
dómprófastur.